

82. stjórnarfundur haldinn að Narfastöðum í Reykjadal 12. nóvember 2014.

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Ruth Magnúsdóttir, Reynir Arnarson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl. kl. 9

1. Samþykki dagskrár

- Dagskrá samþykkt

2. Gos í Holuhrauni

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður á norðursvæði, fjallaði um þjálfun starfsmanna í öryggismálum og landvörslu sem enn stendur yfir. Ennfremur kynnti hún starf þjóðgarðsins allt frá aðdraganda eldgoss í Holuhrauni og fram til dagsins í dag. Þar var fjallað um samstarf við Almannavarnir, Sýslumann á Húsavík og löggæsluaðila sem og vísindamenn. Samstarfið hefur verið afar gott og hefur starfsfólk þjóðgarðsins staðið styrkum fótum oft við krefjandi aðstæður.

- Skoðað verði í stjórnunar- og verndaráætlun hvernig farið verði með nýtt hraun í þjóðgarðinum. Framkvæmastjóra falið ásamt með þjóðgarðsverði norðursvæðis að láta skoða slíkt.
- Kynningarmál verði tekin til skoðunar, en í tilfalli Bárðarbungu hefur ekki tekist að sinna því eins og eðlilegt væri.
- Í þessu óvænta verkefni hefur starfsfólk þjóðgarðsins, sem aldrei fyrr, fundið jafn harklega fyrir undirmönnun heilsársstarfsfólks stofnunarinnar. Á meðan aðrar stærri stofnanir njóta stuðnings þess baklands sem meiri fjöldi starfsmanna veitir.

3. Vinnufundur stjórnar og starfsmanna

Lögð fram drög að dagskrá fundarins

- Vísað til áframhaldandi vinnu formanns og framkvæmdastjóra. Ákveðið að halda fundinn 29. og 30. janúar á austursvæði.

4. Vonarskarð

Lagðir fram minnispunktar frá HPV um málefni Vonarskarðs þar sem sett er fram hugmynd um breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun í þá veru að halda skilmálum svæðisins óbreyttum með þeirri viðbót að kanna skuli kosti þess að finna nýja leið austan Köldukvíslar sem gæti nýst hjólum og hestum ásamt bílum eftir 1. september ár hvert. Einnig að hækka verndargildi hverasvæðis og nágrennis. Talsverð skoðanaskipti urðu um þessa tillögu og Hjalta falið að vinna málið áfram með lögfræðingum og þeim aðilum sem áður hafa unnið að stjórnunar- og verndaráætlun með stjórn þjóðgarðsins.

- Málið skoðað áfram og verður tekið upp aftur.

5. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Hjalti greindi frá vinnu starfshóps um uppbyggingu þekkingaresturs á Klaustri. Málið er hjá ráðherra núna.

- Málinu verði fylgt eftir við ráðherra. Verkefnið er í forgangi hjá Vjþ.

6. Fundur formanns með forseta Ferðafélags Íslands

Lagðir fram minnisþingpunktar frá HPV um fund hans og forseta Ferðafélags Íslands. Samvinna á milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðafélags Íslands verður meðal umræðuefna á vinnufundi stjórnar og starfsmanna garðsins í janúar.

- Stefnt að því að fá fundi, bæði með Ferðafélagi Akureyrar annars vegar og hins vegar sameiginlegan fund með Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs og Ferðafélagi Húsavíkur.

7. Fundur formanns með stjórn Útivistar

Lagðir fram minnisþingpunktar frá HPV um fund hans með stjórn og framkvæmdastjóra Útivistar. Í þeim minnisþingpunktum leggur Hjalti til að komið verði á fundi Útivistar, svæðisráðið Vestursvæðis, framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði um hvernig best sé að halda á daglegum samskiptum og byggja upp enn meiri samvinnu á milli aðilanna.

- Heiða Guðný boðar sem fyrst til fundar svæðisráðs, þjóðgarðvarðar vestursvæðis og framkvæmdastjóra með Útivist.

8. Lagabreyting Vjþ

Lögð fram drög að lagabreytingum fyrir VJÞ sem unnin hafa verið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. eru þau drög í samræmi við það sem kom fram í vinnu starfshóps sem skipaður var um verkefnið.

- Nokkrar breytingatillögur komu fram og verða þær tillögur sendar ráðuneytinu. Meðal þeirra voru t.d. tillaga um að þjóðlendur innan þjóðgarðsins féllu undir stjórn hans og að inn í lögin um Vatnajökulsþjóðgarð kæmi heimild til eignarnáms sambærileg þeirri sem er í náttúruverndarlögum og fleiri lögum.

9. Mögulegir samningar um rekstur í Vjþ

Vísað til fundargerðar svæðisráðs suðursvæðis þar sem aðgengi að íshellum og öryggismál er að því lúta er til umfjöllunar. Kom fram að ekki hafi enn tekist að hrinda atvinnustefnu af stökkunum þar sem nauðsynlegar lagabreytingar þurfa að koma til áður. Stjórn telur mikilvægt að öryggi þeirra sem fara í íshella og um skriðjökla Vatnajökuls sé forgangsatríði. Stjórn felur framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði suðursvæðis að virkja ákvæði í atvinnustefnu þjóðgarðsins er varðar gerð samninga um atvinnurekstur innan þjóðgarðs.

- Formanni og framkvæmdastjóra falið að eiga fund með lögfræðingi.

10. Sprengisandslína-Sprengisandsvegur

Haldnir hafa verið tveir kynningarfundir á vegum Vegagerðar og Landsnets, annar í Ljósveitningabúð og hinn á Hellu, um drög að tillögum að matsáætlunum þeirra framkvæmda. Á báða þessa fundi hafa mætt fulltrúar frá Vjþ. Auglýstir hafa verið kynningarfundir í Reykjavík og á Akureyri. Vinna Skipulagsstofnunar við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu

er á lokastigi. Stefnunni er ætlað að veita skýra leiðsögn um stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum.

- Teknir verða saman punktar um málið og sendir á framangreinda aðila. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs telur mikilvægt að áform um svo miklar og áberandi framkvæmdir á Sprengisandi verði ekki tekin til skoðunar fyrr en landsskipulagsstefna hefur verið rædd og samþykkt.“

11. Fjallsárlón-deiliskipulagstillaga

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur auglýst til kynningar og umsagnar deiliskipulag fyrir Fjallsárlón. Fjallsárlón er við jaðar þjóðgarðsins og hluti af þjóðlendu. Kemur fram í greinargerð með skipulaginu að nú þegar komi fjölmargir ferðamenn á svæðið. Markmið með gerð skipulagsins er að festa ramma um ferðamennsku á svæðinu þannig að það geti tekið við auknum fjölda ferðamanna án þess að landið láti á sjá. Í fundargerð svæðisráðs er lögð áhersla á að í greinargerð með deiliskipulaginu verði lögð sérstök áhersla á útfærslu mannvirkja sem falli að landslaginu. Einnig að byggingarefni falli jafnframt vel að umhverfinu.

12. Svæðisráð-fundargerðir frá 1.apríl

- norðursvæði;

Í gangi er vinna við deiliskipulag og hönnun innviða við Dettifoss að vestan.

- austursvæði;

Undanfarna mánuði verið unnið að stjórnunar og verndaráætlun fyrir ný svæði innan þjóðgarðs á austursvæði; Krepputungu og Kverkárran. Áætlað er að tillaga svæðisráðs berist stjórn á næstunni. Á austursvæði eru margir F-vegir innan þjóðgarðs í mjög slæmu ástandi svo og slóðir við Snæfell. Brýnt er að ljúka viðræðum við Vegagerðina um veghald innan þjóðgarðs. Svæðisráð vill leggja áherslu á uppbyggingu upplýsingastöðvar í Möðrudal í samvinnu við ferðaþjónustuaðila, til að mæta aukinni umferð ferðamanna með nauðsynlegri upplýsingagjöf.

- suðursvæði;

Unnið er með skipulag fyrir íbúðarhúsabyggð í Freysnesi.

Skóðað verði með leyfisveitingar fyrir ferðir í íshella í þjóðgarðinum.

Rætt um deiliskipulag við Fjallsárlón, en ekki gerðar athugasemdir við það.

- vestursvæði;

Gerður var nýr samstarfssamningur milli Skaftárhrepps, Friðar og frumkrafta, Kirkjubæjarstofu, Skaftárelda ehf og Vatnajökulsþjóðgarðs um rekstur upplýsingastöðvar í Skaftárstofu.

Á fundi svæðisráðs 10. okt. var hnykkt á fyrri bókun svæðisráðs frá 21. mars 2013, hvað varðar samgöngur í Vonarskarði, þar sem meirihluti svæðisráðs ákvað þá að una niðurstöðum rannsóknateymisins.

13. Önnur mál

- Framkvæmdastjóra falið að skoða með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, að taka fleiri úrskurðaðar þjóðlendur inn í þjóðgarðinn

14. Næsti stjórnarfundur; verður 29.- 30. janúar á austursvæði.

Fundi lauk kl. 16:30